

Titill: Lesið, skrifað og leikið

Skammstöfun: LEIK2BT05

Námsgrein: Leiklist

Viðfangsefni: Leiklestur og senuskrif

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: LEIK2AB05

Lýsing

Markmið áfangans er að kynna ung íslensk leikskáld, lesa verk þeirra vandlega og greina. Til að komast enn betur að kjarna verkanna verða þau leiklesin og senur úr þeim æfðar í leikrými eða á sviði. Íslensk leikritun er hluti af bókmenntasögu okkar og ólíkt texta í bók eru leikrit skrifuð í þeim tilgangi að vera sýnd á sviði, texti leikverka þarf að fá líf á leiksviði. Farið er í heimsókn á Sviðshöfundabraut Listaháskóla Íslands og fylgst með starfi sem fer fram þar. Einnig er farið á sýningar í leikhúsum borgarinnar og höfundar íslenskra leikrita teknir tali. Í lok áfangans semja nemendur stutt leikverk og setja á svið.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Sögu íslenskrar leikritunar á seinni hluta 20. aldar
- Einstaka leikverkum ungra íslenskra leikskálda
- Greiningu og túlkun leiktexta
- Byggingu leiktexta
- Persónusköpun
- Undirtexta
- Sviðsleiðbeiningum
- Sviðslýsingum

Grunnatriðum í tækni og sköpun leikarans:

- Raddbeitingu
- Líkamsbeitingu í vinnu með leiktexta
- Notkun rýmis í leikhúsi
- Samspili milli leikara á sviði
- Samspili við áhorfendur
- Mikilvægi ímyndunaraflsins í vinnu leikarans

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að koma skoðunum á framfæri um lesin bókmenntaverk
- Að rækta með sér áhuga á leikbókmenntum
- Að skilja og nýta sér helstu kenningar og hugtök í bókmenntafræði
- Að vinna fjölbreytt verkefni og nýta sér uppbyggilega gagnrýni
- Að nýta sér vettvangsferðir til að dýpka skilning á námsefni og auka víðsýni
- Töluðu máli, framsögn og textameðferð
- Að setja sig í hlutverk út frá leiktexta
- Persónusköpun

- Túlkun á leiktexta
- Raddbeitingu
- Framsögn
- Líkamsbeitingu í leikrými
- Rýmisskynjun
- Hlustun (að heyra, sjá og skynja umhverfi sitt og meðleikara)
- Skapandi hugsun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Að koma skoðunum sínum á framfæri um lesin bókmenntaverk
- Kynna sér leiktexta á markvissan hátt í gegnum samlestur og greiningu
- Nálgast leiktexta á skapandi hátt í hópvinnu
- Leiklesið senur úr leikverki á sviði fyrir framan áhorfendur
- Nýtt sér uppbyggilega gagnrýni til að efla færni sína við nálgun á leiktexta
- Nýtt sér vettvangsferðir til að dýpka skilning á námsefni og auka víðsýni

Námsmat

Ýmis verkefni eru lögð fyrir nemendur jafnt og þétt yfir önnina. Lesin verða fjögur verk, þau greind og leiklesin. Farið verður í leikhús og í heimsókn í Listaháskóla Íslands. Mætingaskylda er í áfangann og í lok annar fá nemendur umsagnir og lokaeinkunn.